

Bæjarráð Ísafjarðarbæjar

Ísafirði 16.apríl 2020

Cc Byggingafulltrúi Ísafjarðarbæjar

Hafnarstræti 1

400 Ísafjarðarbæ



Varðar gatnagerðagjald vegna Ártungu 1

Undirritaður fékk úthlutað lóð að Ártungu 1. Ísafirði á fundi Skipulags- og mannvirkjanefndar þann 26.6.2017. Samkvæmt samþykkt bæjarráðs um niðurfellingu gatnagerðagjalda þá skal framkvæmdum vera lokið 1. Maí 2020.

Undirritaður óskar eftir frestun/niðurfellingu á gjalddaga gatnagerðagjalds vegna tafa sem hafa orðið við lokafrágang byggingarinnar, þar sem sérstaklega hefur verið erfitt tíðarfar í vetur við lokafrágang utanhúss og Covid19, þar sem fyrirtæki hafa lokað fyrir milligöngu starfsmanna sinna. Einnig má geta þess að misvel gekk að fá iðnaðarmenn á síðasta ári í hin ýmsu verk, þar sem miklar og stórar framkvæmdir voru á vegum bæjarins s.s. Grunnskólarnir á Ísafirði og Suðureyri, Viðbygging við Leikskólann Eyrarskjól og nýbygging íbúðarblokkar við Sindragötu

Fyrsta skóflustunga að grunni hússins var tekin 13. Apríl 2018. Verktakasamningur gerður við Vestfirska Verktaka, útveggir og þak komið í lok ágúst 2018. Fokheldisvottorð var útgefið 17. Maí 2019 byggingastig 4 ,af byggingafulltrúa, byrjað var að einangra húsið að utan í september og því lokið um miðjan nóvember, þá er byrjað að flísalleggja að utan og hefur það verk verið stopp þar til nú í marslok að hafist var handa aftur við flísalögnina sem líklega mun ljúka í maí/júní n.k. Fjölskyldan flutti inn í húsið þann 14. Desember 2019 s.l., þar sem byggingafulltrúi samþykkti að húsið væri komið á byggingastig 5 þ.e. íbúðahæft. Einnig komu starfsmenn slökkviliðs og ráðlögðu staðsetningu brunavarna hússins.

Það sem eftir er fyrir lokaútekt er að ljúka við loftklæðningu í bílskúr sem mun vonandi hefjast í næstu viku ,flísalögn utanhúss við bílskúr sem unnið er að nú í dag og koma upp sorpskýli.

Með von um jákvæð viðbrögð við erindi mínu

Högni Gunnar Pétursson –
Ártungu 1 400 Ísafirði